

**Ed.**

**668. Nefndarálit**

[245. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á allmörgum fundum og aflað upplýsinga um ýmsa þætti þess. Er frumvarpið var lagt fram lýstu fulltrúar stjórnarandstöðunnar þeirri skoðun að það væri lítt í samræmi við veruleikann. Réttmæti þeirrar staðhæfingar hefur síðan komið í ljós þar sem ríkisstjórnin hefur síðan gert á því fjölmargar breytingar. Frumvarpið er þó enn víðs fjarri veruleikanum, — að ekki sé talað um þau markmið sem ríkisstjórnin setti sér í upphafi starfsferils síns.

Það kom fram af hálfu ríkisstjórnarinnar um það leyti er frumvarpið var til 1. umræðu að stjórnarflokkarnir hefðu ákveðið að draga úr erlendum lántökum sem svaraði um 1000

milljónum króna. Það hefur komið á daginn að hér var eingöngu um áróðurshjal og fráfarar óskir að ræða því að ekki vottar fyrir neinni raunhæfri viðleitni af hálfu ríkisstjórnarinnar til að draga úr erlendum lántökum, ef frá er skilin lækkun á lántökuheimild Landsvirkjunar sem nú er ætluð 884 millj. kr. í stað 1200 millj. kr. áður. Annar niðurskurður að því er erlendar lántökur varðar er sýndarmennskan ein því að hann er eingöngu fólgin í því að áætla lántöku ríkissjóðs 750 milljónum króna lægri en gert var við afgreiðslu fjárlaga enda þótt forsendur fjárlaga hafi í engu breyst að því er þetta varðar og útgjöld verði sýnilega ekki minni en þá var ákveðið. Það er deginum ljósara að verði útgjöld ríkissjóðs með þeim hætti sem fjárlög gera ráð fyrir mun ríkissjóður taka þessar 750 millj. kr. að láni með einhverjum hætti, hvað sem líður samþykkt lánsfjárlaga. Er þá annaðhvort að því stefnt að afla lánsheimilda eftir á eða auka skuldir ríkissjóðs við Seðlabanka. Sömu sögu er að segja um lækkun á erlendum lántökum einkaaðila úr 1836 millj. kr. í 1500 millj. kr. Ekkert liggur fyrir um hvernig þessum niðurskurði eigi að fylgja eftir eða hvort reynt verði að fylgja honum eftir.

Erlendar lántökur eru nú samtals áætlaðar 6915 milljónir króna þegar áætlunin hefur verið lækkuð um 316 millj. kr. vegna minni orkuframkvæmda, auk fyrrnefnds sýndarniðurskurðar um 750 millj. kr. og 336 millj. kr. vegna einkaaðila. Þrátt fyrir þessa sýndarmennsku lækka erlendar lántökur aðeins um 385 millj. kr. miðað við þá lánsfjáráætlun sem fram var lögð fyrir áramót. Má því með réttum rökum staðhæfa að lánsfjáráætlun hafi hækkað verulega síðan stjórnarflokkarnir gáfu þá yfirlýsingu að dregið yrði úr erlendum lántökum.

Þegar núverandi stjórnarflokkar komust til valda setti ríkisstjórnin sér það mark að langtímaskuldir þjóðarinnar færu ekki yfir 60% af þjóðarframleiðslu. Í árslok 1983 nam þessi hlutfallstala 60.6% og í árslok 1984 61.9%. Seðlabankinn áætlaði þetta hlutfall 63.9% í árslok 1985 miðað við áform um erlendar lántökur samkvæmt væntanlegum lánsfjárlögum og miðað við 0.7% vöxt þjóðarframleiðslu, — þrátt fyrir þann talnaleik sem nú er hafður uppi til að geta státað af sem lægstri heildarupphæð erlendra lána.

Minni hl. nefndarinnar telur það brýnasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar nú um stundir að dregið sé úr erlendum lántökum og þær takmarkaðar við óhjákvæmilegar og verulega arðbærar framkvæmdir. Helmingurinn af erlendum langtímaskuldum Íslendinga er bundinn í orkumannvirkjum og ljóst er að ekki verður þörf á viðbótarorku í þágu íslenskra orkunotenda eins fljótt og fyrri orkuspár hafa gert ráð fyrir. Fjárfesting í orkumannvirkjum umfram almennan markað skilar ekki arði nema til staðar séu notendur til að nýta orkuna strax í upphafi og breyta henni í erlendan gjaldeyri. Kemur því að mati minni hl. mjög til greina að draga enn frekar úr framkvæmdum á vegum Landsvirkjunar.

Margt er enn óljóst að því er varðar lántökuáform ríkisstjórnarinnar. Sérstaklega ber þar að nefna lántökur svonefnds „þróunarfélags“ sem stjórnarflokkarnir sömdu um á s. l. sumri að stofnað yrði á þessu ári. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til lánsfjárlaga var þetta félag nefnt á bls. 7 með 500 millj. kr. lántöku, en nú er það ekki lengur að finna í lánsfjáráætlun sem sérgreint viðfangsefni. Ástæðan er kunn: Stjórnarflokkunum hefur enn ekki tekist að koma sér saman um fyrirkomulag og skipulag þessarar nýju stofnunar sem ætlað er að taka við hlutverki Framkvæmdastofnunar. Enn er engan veginn ljóst hvort um verður að ræða sjóð eða félag. Því er Framkvæmdasjóði nú ætlað að standa fyrir þessari 500 millj. kr. lántöku en engar ákvarðanir liggja fyrir um ráðstöfun þess fjár.

Allt bendir til þess að lánsfjárlögum til Byggingarsjóðs ríkisins sé langt undir því sem sjóðurinn raunverulega þarf. Undirstaða núverandi húsnæðislánakerfis er hrúin. Svokallaðir tekjustofnar — aðrir en framlög ríkisins — eru orðnir að útgjaldaliðum. Framlög til nýbyggingarlána á að skera niður um 200 milljónir kr. til að unnt sé að koma lítillaga til móts við þá húsnæðisgjöld sem orðið hafa fórnarlömb stefnu ríkisstjórnarinnar í vaxta- og verðtryggingarmálum. Sú aðstoð er til þess ætluð að bjarga fjölskyldum sem komist hafa í greiðsluþrot, en hún dugar hvergi nærri til og er í flestum tilvikum aðeins gálgaþrestur. Nær

fullvíst er að endurgreiðslur úr Byggingarsjóði vegna útstreymis skyldusparnaðar umfram innstreymi verði verulega hærri en gert er ráð fyrir. Á árinu 1984 voru endurgreiðslur vegna skyldusparnaðar 80 millj. kr. umfram innlagðan sparnað. Líklegt er að hið sama verði uppi á teningnum í ár og upphæðin ekki lægri. Þá er enn fremur næsta víst að lántökur hjá lífeyrissjóðum verða minni en ráð er fyrir gert, jafnvel er líklegt að fjáröflun Byggingarsjóðs hjá lífeyrissjóðunum verði neikvæð á þessu ári. Minni hl. nefndarinnar lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni um hvernig komið er fyrir lánakerfinu í húsnæðismálum og þeirri staðreynd að þúsundir fjölskyldna eiga nú í meiri erfiðleikum en dæmi eru um áður vegna rangrar stjórnarstefnu í þessum efnunum.

Af framansögðu er ljóst að frumvarp til lánsfjárlaga, sem hér um ræðir, er á margan hátt ófullkomið, og tæpast marktækt. Undirritaðir nefndarmenn vilja þó ekki hindra framgang málsins þar sem ljóst er að ekki má dragast öllu lengur að fjárfestingarsjóðir geti gengið frá útlánaáætlunum sínum. Fulltrúar minni hl. munu sitja hjá við afgreiðslu málsins og hver um sig gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og afstöðu til einstakra greina við 2. umræðu.

Alþingi, 28. mars 1985.

Eiður Guðnason,  
fundaskr.

Ragnar Arnalds,  
frsm.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.